

Nr. 25/1877: Hreppsnefnd Arnarneshrepps  
 gegn

Sigurgeir presti Jakobssyni og sýslu-  
 manni og bæjarfógeta St. Thórarensen.

Dómur.

Hreppsnefndin í Arnarneshreppi höfðaði mál fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu gegn prestinum Sigurgeir Jakobssyni til borgunar á 413 kr., er Ingjalldi Halldórsyni höfðu verið veittar sem styrkur af hreppssjóði þessum, og áleit, að tjeður prestur ætti að endurgjalda fje þetta, þar eð hann hafði gefið Ingjald þennan saman í hjónaband með Guðlaugu Gísladóttur. Hinn stefndi Sigurgeir prestur Jakobsson fór því fram fyrir aukarjettinum, að hinn reglulegi dómari, sýslumaður og bæjarfógeti St. Thórarensen, yrði að víkja úr dómarasæti, þar hann áður hefði dæmt um aðalefni máls þessa, og fjellst dómari þessi á þetta, er hann fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu þann 6. júní þ. á. felldi úrskurð á þá leið, að hann yrði að víkja sæti, þar eð hann með dómi, uppkveðnum 16. júlí 1874, hefði látið í ljósi skoðun sína á máli þessu.

Úrskurði þessum hefur nú hreppsnefndin í Arnarneshreppi, að fenginni gjafsókn, áfrýjað og krafizt, að úrskurður þessi verði felldur úr gildi, og hinn stefndi skyldaður til að greiða málskostnað, þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málaflutningsmanns. Hinn stefndi þar á móti hefur krafizt, að úrskurðurinn verði staðfestur og heimtað málskostnað.

Með dómi, uppkveðnum 16. júlí 1874, hefur undirdómarinn dæmt hinn stefnda Sigurgeir prest Jakobsson, til að endurgjalda kostnað þann, er fátækra sjóður Arnarneshrepps hefur haft, eða eptirleiðis kann að hafa af fjölskyldu Ingjalds þess, er mál þetta er út af risið,

sökum þess, að presturinn ekki hafi gætt skyldu þeirrar, er á honum hvílir, samkvæmt tilsk. 30. apríl 1824 3. gr. 10. tölul., og var dómur þessi, eftir að honum var áfrýjað, dæmdur ómerkur fyrir yfirrjetti þann 6. septbr. 1875. Í því að dómurinn þannig áður hefur haft annað mál milli sömu málsparta út af umgetnu hjónabandi til meðferðar, og látið skoðun sína í ljósi um það, finnst engin ástæða til þess, að hann nú sje óhæfur til að dæma þetta mál í aðalefni þess, og leiðir þar af, að hinn áfrýjaði úrskurður verður að dæmast ógildur og málið á ný, eftir embættisskyldu, að takast fyrir af hinum reglulega dómara.

Þar eð áfrýjun málsins er orsökkuð af því, að undirdómurinn ranglega hefur vikið sæti, á hverri gjörð stefndi enga sök getur átt, þótt hann hafi krafizt hennar, er ekki ástæða til þess, að skylda hann til að greiða málskostnað, og heldur ekki verður hann lagður á undirdómarann, þar honum ekki hefur verið stefnt til ábyrgðar.

Málskostnaður hjer fyrir rjettinum verður þannig að falla niður, en hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjandans, málaflutningsmanni G. Pálssyni, greiðast 10 kr. úr opinberum sjóði.

Flutningur málsins af hendi áfrýjanda, sem hefur fengið gjafsókn, hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á ógildur að vera. Málskostnaður hjer við rjettinn fellur niður, en í málsfærslulaun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans, málaflutningsmanns G. Pálssonar, greiðist 10 kr. úr opinberum sjóði.